

Nr. 098 / 13 Brúarfoss

Skipverji slasast við fall

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júní 2013 var Brúarfoss á siglingu frá Hamborg til Rotterdam. Veður: Hægviðri.

Skipverji sem var á leið til vinnu í vélarúmi hrasaði í stiga í yfirbyggingu og fann til eymsla í hendi og baki. Hann varð ekki óvinnufær.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.